



Gjöfin sem gleður

# GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

**Apótek**  
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga  
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins **KGP.IS**

36. tölublað 34. árgangur. Fimmtudagur 23. nóvember 2023

## Krambúðin Garðabæ

Opið til kl. 23:30 alla daga



**Nýjar íbúðir  
komnar í sölu!**  
Eskiás 3, Garðabæ



**Bókið skoðun**

**898 6106**

**KRAFTUR – TRAUST  
– ÁRANGUR**



**TORG**  
fasteignasala



**FLATEY**

PIZZA NAPOLETANA

Garðatorgi 6. S. 568 2666

**Lyfjaval**

HEILSA & HÁMNGJA



Bílaapótek Lyfjavals  
Hæðasmára

## 809 tilboð bærust í lóðir í Hnoðraholti



Bæjarfulltrúarnir, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Björg Fenger og Sara Dögg Svanhildardóttir fara yfir tilboðin sem bærust í lóðir í Hnoðraholti sl. þriðjudag

Það var handagangur í óskjunni þegar sex starfsmenn bæjarskrifstofu Garðabæjar opnuðu tilboð sem bærust í byggingarétt á lóðum í Hnoðraholti. Garðabær auglýsti bygginga-

réttinn til sölu fyrir skemmstu og það er ekki hægt að segja annað en að mikill áhugi sé fyrir hverfinu, en alls bærust 809 tilboð með milligöngu frá 4 fasteignasölum. (Frh. á bls. 2).



Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á [frumherji.is](http://frumherji.is)



FISKVENSLU

fróðleg skýring með



Jólavörur Hafsins eru komnar í verslanir okkar. [Hafid.is](http://Hafid.is)

**YUZU** HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ  
"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

MEIRA HOLLT  
**LEMON**  
HAGKAUP GARÐABÆ

**30%  
AFSLÁTTUR  
MEÐ VILDARKORTI  
LINDAR**



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



**LIND**  
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum boróplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsgamidjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / [www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)

# Aðventuhátíð með notalegri stemningu



Jólasveinarnir á vappi á aðventuhátíðinni á Garðatorgi í fyrria

Laugardaginn 2. desember eru Garðabæingar hvattir til að fagna komu aðventunnar saman en á Garðatorgi verður fjöldi ókeypis viðburða í boð og aðventu- og popupmarkaður á torginu.

## Ljósinn tendruð

Að sögn Ólafar Breiðfjörð menningarfulltrúa Garðabæjar hefur ný hefð skapast þegar kveikt er á ljósum jólatrésins sá Garðatorgi en þá koma leikskólabörn saman til að syngja og dansa í kringum stóra jólatréð ásamt jólasveinum og bæjarstjóra. „Börnunum hefur líkað vel að eiga þessa stund í rólegheitum og alltaf tilhlökkun að taka á móti allt að 300 leikskólabörnum, að þessu sinni föstudaginn 1. desember,“ segir hún.

## Aðventuhátíð fyrir alla fjölskylduna

Upphafi aðventu er fagnað með fjölbreyttri dagskrá svo sem flutningi á jólalögum á notalegum stofutónleikum á Garðatorgi 4 en á torginu fer einnig fram aðventu- og popup-markaður þar sem handverk og glæðavörur eru seldar. „Á svona degi er nauðsynlegt að bjóða uppá skapandi smíðjur fyrir fjölskyldur enda jafnast fátt

við að búa til fallegt jólasbraut saman,“ segir Ólöf menningarfulltrúi.

## Snjókorn á Hönnunarsafninu

„Í Hönnunarsafninu verða gerð snjókorn sem munu án efa sóma sér vel á jólatrénu eða á pakkana en sú smíðja hefst kl. 13. Á sama tíma eða frá 13-15 verður svo hægt að fönðra á Bókasafni Garðabæjar og allt efni til staðar svo allir ættu að komast að til að gera eitthvað fallegt,“ bætir Ólöf við.

Jólasveinar verða á sveimi en þeir stýra svo jólaballi sem fer fram á Garðatorgi 7 en ballið hefst með söng Barnakórs Vídalínskirkju klukkan 14:30. Leikhópurinn Lotta verður svo með jólasöngvamyru á Bókasafninu klukkan 15 en dagskránni lýkur með Blásarasveit Tónistarskóla Garðabæjar klukkan 15:30 en þau munu leika við stóra jólatréð.

## Samvera fjölskyldunnar á aðventunni

„Það er svo dýrmætt að geta notið aðventunnar í faðmi fjölskyldunnar. Það er von okkar að hún byrji á ljúfum nótum með huggulegheitum á Garðatorgi þar sem einnig er hægt að kaupa jólagjafir í rólegheitum enda frábærar verslanir á staðnum,“ segir Ólöf að lokum.



Frá tendrun jólaljósa á jólatrénu á Garðatorgi í fyrria

Framhald af forsiðu 809 tilboð bærust í lóðir í Hnoðraholti

# Handagangur í öskjunni er tilboð voru opnuð í byggingarrétt á lóðum í Hnoðraholti

Þegar Garðapósturinn fór í prentun var enn verið að yfirfara tilboðin, en ljóst er að áhuginn á hverfinu, sem er einstaklega vel staðsett, er mikill.

## Yfir 50 tilboð bærust í einbýlishúsalóðina Skerpuholt 2

„Umslöginn voru 381 sem við tókum upp og í þeim voru rúmlega átta hundruð tilboð. Ég er að sjálfsögðu afskaplega glaður að sjá þessa miklu ásókn í hverfið, enda býður það upp á svo mikil lífsgæði og svo marga möguleika. Vinsælasta lóðin var einbýlishúsalóðin Skerpluholt 2, en í hana bærust yfir 50 tilboð,“ segir Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar, en af þessum mikla fjölda eru auðvitað hluti að bjóða í margar lóðir og heildarúthlutunin á því enn eftir að taka á sig mynd.

## Einstakt hverfi

Hnoðraholt norður er íbúðahverfi með áherslur á fjölbreyttar húsaagerðir sem falla vel að núverandi byggð. Garðabær bauð fyrsta áfanga til sölu í sumar, en nú í öðrum áfanga var um að ræða sölu á byggingarrétti fyrir eina parhúsalóð, tíu raðhúsalóðir (43 íbúðir), 23 einbýlishúsalóðir og fimm fjölbýlishúsalóðir.



Brynja Dan og Margrét Bjarnadóttir



Tilboðin yfirfarin! F.v. Gunnar Valur Gíslason bæjarfulltrúi og Almar Guðmundsson bæjarstjóri velta tilboðunum fyrir sér

## 491 tilboð bærust í 25 einbýlishúsalóðir

Tölurnar eru birtar með fyrirvara um yfirferð, en alls bærust 103 tilboð í fimm fjölbýlishúsalóðir, 215 tilboð í rað- og parhúsalóðir en mest var ásóknin í einbýlishúsalóðir en í þær bærust alls 491 tilboð. Hæsta tilboð í einbýlishús er rúmar fimmtíu milljónir og hæsta tilboð í fjölbýlishús er um 240 milljónir.

## Nýir lóðarhafar geta hafist handa upp úr áramótum

„Það sem er kannski best er að uppbyggingaraðilar geta hafist handa mjög fljótlega, enda hverfið og lóðirnar þegar byggingarhæfar. Nýir lóðarhafar gætu þannig séð hafist handa upp úr áramótum,“ segir Almar og bætir við að næsta verk sé að ganga frá sölunni við þau sem gerðu tilboðin.

# Tóku þátt í góðgerðarverkefninu Jól í skókassa

Nýlega tók yngsta stig í Álfþanesskóla þátt í góðgerðarverkefninu „Jól í skókassa“.

Verkefnið snýst um að gleðja börn í Úkraínu sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir. Með þátt-töku í verkefninu er einnig verið að vinna að 5 heimsmarkmiðum, þ.e. heilsa og vellíðan, menntun fyrir öll, aukinn jöfnuður, ábyrg neysla og framleiðsla og að lokum samvinna um markmiðin.

Nemendur og starfsfólk lögðu til leikföng, skóladót, hreinlætisvörur, sælgæti og fót



og röðuðu í skókassa en alls voru 27 kassar fylltir af gjöfum sem verða svo

sendir til Úkraínu ásamt þúsundum annarra skókassa.



FRÍMANN & HÁLFVÁN  
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann  
897 2468



Hálfván  
898 5765



Ólöf  
898 3075



Kristín  
699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði  
Sími: 565 9775  
www.uth.is - uth@uth.is





ADVENTUHÁTÍÐ GARÐABÆJAR  
Á GARÐATORGI

# GLEÐILEGA ADVENTU

2. desember 2023 \* Kl. 13.00–16.00



## Tónlistardagskrá og markaður á Garðatorgi 1–4

**Kl. 13.00–14.30**

Einar og Bryndís  
syngja inn jólarökkrið

**Kl. 13.00–16.00**

Aðventumarkaður.  
Prjónles, kerti, skartgripir  
og fleiri handgerðir hlutir

**Kl. 11.00–16.00**

Spennandi Pop-up  
markaður

**Kl. 13.00–16.00**

Jólabasar Grósku  
í Gróskusal



## Skapandi smiðjur

**Kl. 13.00–15.00**

Snjókornasmiðja á  
Hönnunarsafni Íslands

**Kl. 13.00–15.00**

Jólaföndur á Bókasafni  
Garðabæjar



## Og líka ...

**Kl. 14.30**

Barnakór Vídalínskirkju  
syngur á Garðatorgi 7

**Kl. 14.40–15.00**

Jólaball með jólasveinum  
á Garðatorgi 7

**Kl. 15.00**

Leikhópurinn Lotta  
með jólasöngvasyrpu  
á bókasafninu

**Kl. 15.30**

Blásarasveit Tónlistarskóla  
Garðabæjar leikur við  
stóra jólatréð



GARÐABÆR

Fögnum upphafi aðventu saman á Garðatorgi \* Allir viðburðir eru ókeypis

# GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: kgp.is  
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

## Garðapósturinn næst 30. nóvember

Síðasti skiladagur föstudaginn 24. nóvember  
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: [kgp.is](http://kgp.is)

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram



## Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Garðabæ

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna  
Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455



## Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

# K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is  
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málrameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSALÖGN



## Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

## Vefmiðill Garðapóstsins [kgp.is](http://kgp.is)

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

# Bónus fjölgar matvöruverslunum í Garðabæ

Opna nýja 2300 fm verslun í Miðhrauni 24,  
en aðkoman að versluninni er frá Álftanesvegi

Bónus opnar laugardaginn, 25. nóvember nýja 2300 fm matvöruverslu í Miðhrauni 24 í Garðabæ, en aðkoman að versluninni er frá Álftanesvegi. Þetta er þriðja matvöruverslunin sem Bónus rekur í Garðabæ en hinar tvær eru staðsettar í miðbæ Garðabæjar, á Garðatorgi og í Kaupúni.

Nýja verslunin er 2300 fm og byggð á grænum grunni eins og allar nýjar og endurbættar Bónusverslanir. Í versluninni í Miðhrauni er notast við íslenska CO2-kælimiðla fyrir kæli- og frystivélar, en einnig eru led-lýsingar sem spara orku í allra versluninni bæði að innan og utan, ásamt orkusparandi frysti- og kæli-tækjum. Það má líka geta þess að allir hilluhrekkarnir í búðinni eru endurnýttir rekkar úr gömlu Bónusversluninni í Holtagörðum, eingöngu er búið að endurmála þá og svo er þetta líka íslensk framleiðsla.

Garðapósturinn heyrði í Guðmundi Marteinssyni framkvæmdastjóra Bónus og spurði hann nánar um nýju verslunina, en svo vill til að Guðmundur hefur verið búsettur í Garðabæ til fjölda ára þótt hann sé gallharður Ólsari. Þá má geta þess að þetta er síðasta Bónusverslunin sem Guðmundur kemur að því hann lætur af störfum sem framkvæmdastjóri Bónus um áramótin.

### Ein besta staðsetningin fyrir Bónusverslun til framtíðar

En það ætti ekki að koma á óvart að Bónus sé að opna sína þriðju matvöruverslun í Garðabæ með Garðbæinginn innanborðs eða hvernig kom það til að þið ákváðuð að opna verslun í Miðhrauni? „Ég var búinn að hafa augastað á þessari lóð í langan tíma og að mínu mati er þetta ein besta staðsetningin fyrir Bónusverslun til framtíðar, svo þegar lóðin bauðst þá slógum við til.“

Ög er þetta hefðbundin Bónusverslun eða er alltaf verið að uppfæra og bæta við möguleikum? „Já, hún er hefðbundin en með því nýjasta sem við bjóðum upp á með það að markmiði að auðvelda okkar viðskiptavinum verslunarferðina, mannaðir afgreiðslukassar, sjálfsafgreiðslukassar og svo Gripið og greitt, sjálfsafgreiðslulausnin, sem er nú þegar komin í fjórar af okkar verslunum.“

Ög hvernig hefur tekist til með Gripið og greitt, hvernig virkar þetta og eru viðskiptavinir óhræddir að prófa þessa nýju sjálfsafgreiðslulausn? „Þessari nýju lausn hefur verið mjög vel tekið enda auðveld og þægileg,“ segir Guðmundur og bætir því við að Bónus muni alltaf vera með á mannaða afgreiðslukassa. „Við lítum á sjálfsafgreiðsluna sem valkost fyrir okkar viðskiptavini, en ekki einu afgreiðsluleiðina.“

### Bónus ekki að loka í Kaupúni

En það reka þó sjálfsagt margir upp stór augu að Bónus skuli opna nýja verslun í Miðhrauni, en aðeins eru sirka 500 metrar í stóra matvöruverslun Bónus í Kaupúni. Bónus þrífst vissulega á samkeppninni, en eruð þið að fara í harða samkeppni við sjálfa ykkur eða stendur til að loka versluninni í



Guðmundur segir gaman að enda á þessu verkefni, að opna Bónusverslun í sínum heimabæ, en hann lætur af störfum hjá Bónus um áramótin

**Kaupúni?** „Góður punktur hjá þér. Klárlega mun opnun þessarar verslunar hafa áhrif á aðrar verslanir ásamt okkar eigin, en þessi staðsetning er frábær til framtíðar að mínu mati. Og hvað Kaupúnið varðar þá erum við ekki að fara að loka þar.“

**Ög aðkoman að nýju versluninni er mjög góð, nóg af bílastæðum og í nálægð við stofnbraut - Reykjanesbrautina?** „Já, rétt. Frábær staðsetning með tilliti til umferðar og góð aðkoma og bílastæði.“

### Bónus byggir tilvist sína á loforðinu um lægsta verð

Ög þrátt fyrir harða samkeppni þá er stefnir Bónus alltaf á að vera með ódýrastu verðin og þið ætlið að viðhalda því áfram þótt samkeppnin sé mikil og að aukast? „Já, klárlega enda byggir Bónus tilvist sína á loforðinu um lægsta verð.“

**Verður einhver sérstök tilboð á opnun- arhátíðinni nk. laugardag í Miðhrauni?** „Já, eins og alltaf við opnun nýrra Bónusverslana verða tilboð og kynningar svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.“

### Engin Bónusverslun á teikniborðinu á Álftanesi

Ög svona af forvitni. Nú á sér stað mikil uppbygging á Álftanesi, þar sem nýr miðbær er að myndast. Hafið þið eitthvað velt fyrir ykkur þeim möguleika að opna verslun á Álftanesi? „Í augnablikinu er engin ný Bónusverslun á teikniborðinu og þar sem ég er að hætta um áramótin þá læt ég nýjum stjórnendum um þá ákvörðun,“ segir hann.

Já, það er komið að leiðarlokum hjá þér og Bónus eftir rúm 30 ár. Er það bara ekki við hæfi að síðasta Bónusverslunin sem þú opnar sé í þínum heimabæ? „Ég er nú meiri Ólsari en Garðbæingur svo ef það hefði ráðið för hefði búðin verið í Ólafsvík. Ég fæ reyndar reglulega skömm í hattinn frá Ólsurum

fyrir að vera ekki búinn að opna þar áður en ég hætti, en jú, það er gott að búa í Garðabæ og gaman að enda á þessu verkefni.“

### Búinn að vera frábær skóli

Hvernig tími hefur þetta verið, oft á tíðum erfiður og krefjandi en samt skemmtilegur og gefandi? „Já, árin í Bónus eru búin að vera frábær skóli. Að reka fyrirtæki með lágri álagningu er gríðarlega krefjandi en með frábæru samstarfsfólki og mikilli vinnugleði hefur Bónus vaxið og dafnað.“

### Sagan er góð en er ekki að fara í samstarf með Jóni Ásgeiri

Það eru einhverjar sögur í gangi að þú sért að sameinast Jóni Ásgeiri í hans nýja verkefni? „Sagan er góð, átti frábæran tíma með Jóni og mun alltaf þykja vænt um hann því hann gaf mér tækifæri og hafði trú á mér, en nei við erum ekki að fara í samstarf a.m.k ekki á þessum vettvangi.“

### Getur kannski aðstoðað Garðabæ vegna skattahækkana

En hvað ætlar Guðmundur að gera þann 2. janúar 2024, fyrsta virka daginn eftir að hann lætur af störfum, eitt-hvað niðurnegit? „Nei, engin plön og engar væntingar. Ég var að lesa um fyrirhugaðar skattahækkningar í Garðabæ og gæti kannski aðstoðað. Ég er ágætur í rekstri og fer vel með peninga,“ segir hann í léttum tóni.

En áður af því verður þá áttu eftir að opna eitt stykki Bónusverslun sem þú telur vera staðsetta á einum besta staðnum til lengri tíma lítið fyrir matvöruverslun - af hverju telurðu þetta svona góða staðsetningu? „Ég trúi því að þegar búðin verður klár og allar merkningar komnar upp þá eigir þú eftir að segja við sjálfan þig: „Já, núna skil ég af hverju þetta er svona frábær staðsetning.““ segir Guðmundur að lokum.



# Hjúpað dökku súkkulaði

NÝTT





# Ína Magney dúxaði á haustönn

## 40 stúdentar tóku á móti skírteinum sínum frá FG

Það voru alls 40 stúdentar sem tóku á móti skírteinum sínum við brautskráningu föstudaginn 17.nóvember síðastliðinn í hátíðarsal FG, Urðarbrunni.

Sá nemandi sem nú skaraði fram úr og var dúx á haustönn 2023 var Ína Magney Magnúsdóttir, en hún stundaði nám á Listnámsbraut, myndlistarsviði. Fékk hún einnig verðlaun fyrir góðan árangur í myndlist.

Samfélagsverðlaun skólans fékk Þórður Bjarni Baldvinsson, af Leiklistarbraut, en þessi verðlaun fá þeir sem setja jákvæðan svip á skólastarfið og umhverfi hans. Þórðu Bjarni fékk einnig verðlaun fyrir skólasókn í félagi við Benedikt Björn

Johnsen. Þórður var því miður ekki viðstaddur athöfnina.

Karen Ósk Kjartansdóttir flutti ræðu nýstúdents og Anna Bibí Wium Axelsdóttir flutti heimagert atriði við hið þekktu lag „Nína“ (Draumur um Nínu) eftir Eyjólf Kristjánsson. Sneri hún texta lagsins upp á FG með skemmtilegum hætti.

Anna Bibí fékk einnig viðurkenningu fyrir góðan árangur í leiklist og í íþróttum. Þá fékk Sveinn Elí Helgason einnig viðurkenningu fyrir íþróttaiðkun.

Flestir sem brautskráðust, alls 11, voru af Félagsvísindabraut, átta af Viðskiptabraut og sex af Hönnunar og markaðsbraut. Átta kláruðu íþróttabraut, fjórir af

Listnámsbraut, tveir af Alþjóðabraut og einn af Náttúrufræðibraut.

Kristinn Þorsteinsson fór víða í ræðu sinni, fjallaði meðal annars um náttúruhamfarir í Grindavík, bilastæðavandræði við FG og réttindiminnihlutahópa. Þá ræddi hann einnig hina svokölluðu gervigreind og þær áskoranir sem henni fylgja. Fáir vita í raun hvert það fyrirbæri stefnir, en það hefur nú þegar mikil áhrif.

Nýr aðstoðarskólameistari FG, Anna Margrét Gunnarsdóttir, stjórnaði athöfninni, en þetta var hennar fyrsta brautskráning, Anna hóf stöf við FG í haust og leysti Snjólaugu Bjarnadóttur af hólmi, sem hafði starfað við skólann í áratugi.



Ína Magney dúx FG ásamt Kristini Þorsteinssyni skólameistara FG

Á næsta ári fagnar Fjölbautaskólinn í Garðabæ 40 ára afmæli sínu, en sá starfsmaður sem nú er með lengsta starfsreynslu í skólanum er Guðný Guðnadóttir, annar bókasafnsfræðinga skólans. Hún hóf nám á sínum tíma í FG,

er stúdent frá skólanum og með henni starfar Anna Björg Sigurðardóttir. Ekki er ýkja langt síðan viðamiklar breytingar voru gerðar á bókasafninu og það fært til nútímalegra horfs með það að markmiði að bæta starfsaðstöðu nemenda.

# Nýtt merki – Hispanitas

## Handgerðir skór frá Spáni



Hispanitas Tokyo  
31.990 kr.



Hispanitas Tokyo  
31.990 kr.



Hispanitas Tokyo  
27.990 kr.



Hispanitas Tokyo  
27.990 kr.



Hispanitas Tokyo  
29.990 kr.



Hispanitas Tokyo  
29.990 kr.



Hispanitas Charlize  
27.990 kr.



Hispanitas Charlize  
28.990 kr.

Vefverslun | [aprilskor.is](http://aprilskor.is)



apríl

Garðatorg 6, sími 551 5021 | [Kringlan](http://Kringlan), sími 551-5024 | [aprilskor.is](http://aprilskor.is)

# Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!

**RB**  
RÚM



heklaíslandi



Hágæða Florence bómullarhandklæði  
og nátt sloppar frá CLARYSSE bath & kitchen



Falleg handmáluð jólakerti frá FLATYS

Íslensk  
hönnun


**RB rúm** | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

[www.rbrum.is](http://www.rbrum.is) | [rum@rbrum.is](https://www.instagram.com/rum@rbrum.is) | erum á Instagram

Opið mánudaga til fimmtudaga 08:00-18:00 · föstudaga 08:00-17:00 · laugardaga 10:00-14:00



# Miðhraun velkomin í liðið!




**Opnum nýja verslun í  
Miðhrauni, Garðabæ  
25. Nóvember kl. 10**



**Þessi verzlun er gul  
og bleik en samt græn  
enda er verzlunin  
búin allra nýjustu  
tækjum og tækni  
í umhverfisvænni  
kerfum**

**Opnunar  
tilboð**



# Garðbæingurinn, Ragnheiður Jónsdóttir með sýningu á nútugasta afmælisári sínu

Í Listasafni Árnesinga sýnir Garðbæingurinn Ragnheiður Jónsdóttir verk sín á sýningunni Kosmos/Kaos á Listasafni Árnesinga, en sýningin stendur til 22. desember.

Þegar horft er yfir höfundarverk Ragnheiðar Jónsdóttur á sviði teikninga og dráttlistar í íslenskri listasögu sést ber-sýnilega hve einstök staða hennar er.

Sýningin Kosmos/Kaos er haldin á nútugasta afmælisári hennar og skilaboð Ragnheiðar frá áttunda áratug síðustu aldar, um kvenréttindi, umhverfisvitund og samfélagslega ábyrgð, eiga enn vel við í dag. Í grafíkverkum Ragnheiðar birtast hversdagsleg fyrirbæri hlaðin táknum og vísa í vaxandi iðnað, pólitískt umrót og deilur, ániðslu á náttúrunni, félagslegan aktivisma, feðraveldið og kvenréttinda-hreyfinguna. Verk hennar eru beitt og fersk og hróplega áriðandi í umhverfis- og samfélagsmálum nútímans.

Verk frá upphafi ferils Ragnheiðar einkendust af öflugum sýmbólisma og nákvæmum, krefjandi vinnubrögðum með ríki áherslu á smáatriði, en slíkar aðferðir eru dæmigerðar fyrir grafíska list. Ríkjandi stef í verkum hennar eru óþægileg og forvitnileg – þrúngin súr-realisma og þurri kímnigáfu.

Ragnheiður nýtir sér menningarlegar myndlíkingar með undarlegum formum sem vísa beint í pólitísk, siðferðisleg og samfélagsleg málefni á Íslandi á þessum tíma. Verk hennar höfðu mikil áhrif á kvenfrelsisbaráttuna og hún er enn í dag



Ragnheiður á sýningu sinni Kosmos/Kaos. Mynd Jóhanna Ólafsdóttir




talin ein af mikilvægustu forvígiskönum | einkennist af andstæðum, og ekki ein-  
feminískrar listar á Íslandi. Vinna hennar | ungis bókstaflegum andstæðum hins

svarta og hins hvíta, heldur á hún einnig rætur í tvískiptingunni á milli smásmygli og frelsis, abstraksjónar og sýmbólisma, náttúrulegs og vélræns, myndrænnar framsetningar og tilfinningaþrúnginnar túlkunar, á milli grafíklistar og frjálstrar teikningar. Á tíunda áratugnum byrjaði Ragnheiður að vinna eingöngu með stórar kolateikningar og sagði skilið við nákvæma þolinmæðisvinnu grafísku verkanna sem hún hafði helgað sig fram að því. Hún fjarlægðist hið bókstaflega líkingamál en einbeitti sér að myndmáli hreinnar og óhlutbundinnar tjáningar. Kolateikningar hennar voru jafn beittar og ákveðnar og grafísku verkin en bjuggu yfir frjálssari hreyfingu, léttleika og abstrakt táknsæi.

Hvaða lærdóm má draga af sextíu ára ferli Ragnheiðar sem frumkvöðuls í grafískri list og látbrigðateikningum? Sí-breytileg og stöðugt vaxandi list hennar vísar í eðlislæga eiginleika mannsins – þörfina fyrir frelsi, abstrakt, öndun og hreyfingu, mitt í basli hversdagsins. Ferill Ragnheiðar ber vitni um þau áhrif sem listamaður getur haft á samfélag sitt, þann kraft sem býr í rödd eins listamanns sem vekur athygli á málefnum, hvetur fólk til aðgerða og ýtir undir samfélags- legar og pólitískar breytingar kynslóð eftir kynslóð.

Ragnheiður hélt sína fyrstu einkasýningu árið 1968 og hefur frá þeim tíma unnið óslitið að myndlist til dagsins í dag. Þráðurinn í verkum Ragnheiðar er sjálf-



blekkingin – blindnin – græðgin – ein- semdin – andvaraleysið – umhverfið – heimurinn okkar. Ragnheiður segir að myndlist sé í hennar huga samtal lista- mannsins og áhorfandans. Að tilgangin- um sé náð þegar að henni tekst að rumska við áhorfandanum.

## Búsett á Bakkafliöt í Garðabæ

Ragnheiður Jónsdóttir er Árnesingur í báðar ættir, en hún hefur verið búsett á Bakkafliöt í Garðabæ í marga áratugi. Móðir hennar Sigurbjörg, var dóttir Ing- vars Hannessonar bónda að Skipum Stokkseyrarhreppi og fyrri eiginkonu hans Vilborgar Jónsdóttur frá Sandlækjarkoti Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ingvar bóndi á Skipum og Ásgrímur Jónsson listmálari voru systrasynir. Mæður þeirra voru syst- urnar Sigurbjörg og Guðlaug frá Vants- holti í Flóa. Faðir Ragnheiðar var Bened- dikt sonur Guðjóns Jónssonar bónda frá Seli og eiginkonu hans Kristjönu Jóns- dóttur frá Grímsfjósnum Stokkseyri. Þau bjuggu að Leiðófsstöðum Stokkseyrar- hreppi.

Sýningarstjóri: Daría Sól Andrews.

# Gjafabréf í pakkan

Gefum tilboð  
í magnkaup á  
[info@stractahotels.is](mailto:info@stractahotels.is)

**STRACTAHOTELS.IS**

+354 531 8010 Rangárflatar 4, Hella

bylovisa.is

# BLACK FRIDAY

-20%

AF ÖLLU\*

\*NEMA 14KT GULLI

FRÁ OG MEÐ

24 - 27 NÓV.

— by lovisa —

# Ég held að þið séuð ótrúlega fyndnar, hvað finnst ykkur um það að þið gerið sýningu saman?

Una og Katla opna sýninguna Skilaboð á Hönnunarsafninu föstudaginn 24. nóvember

Með tilkomu nýrra miðla hafa samskipti á milli heimilisfólks breyst og þróast. Samtölum, símtölum og post-itmiðlum fækkar og talblöðrur taka við. Í „heimsókninni“ Skilaboð skoða grafisku hönnuðirnir Katla Einarsdóttir og Una María Magnúsdóttir skilaboð á milli heimilisfólks á samskiptamiðlum og eru þeirra sköndu hliðar sérstaklega dregnar fram.

**Hvernig kynntust þið?** „Það er eiginlega ótrúlega mikil tilvilju að við skulum þekkjast, við höfum alveg hlegið að því að það lítur út fyrir að alheimurinn hafi viljað að leiðir okkar lægju saman. Við hittumst fyrst þegar Una var að læra grafíska hönnun í Gerrit Rietveld listaháskólanum í Amsterdam og Katla var þar í skiptinámi frá Listaháskóla Íslands í samskonar námi. Sumarið þar á eftir lágu leiðir okkar óvænt aftur saman þegar við unnum saman á Hönnunarsafninu. Við eigum í ákveðnu ástarsambandi við Hönnunarsafnið þar sem við finnum okkur alltaf þar saman aftur og aftur í allskonar spennandi verkefnum. Nýjasta verkefnið okkar er þessi sýning Skilaboð sem við erum ótrúlega spenntar fyrir,” segir Katla.

**Hvað kom til að þið séuð að vinna þetta verkefni saman?** „Þetta byrjaði allt á því að Sigríður forstöðumaður safnsins potaði í okkur þegar við vorum í samvinnunni, og sagði: „Ég held að þið séuð ótrúlega fyndnar, hvað finnst ykkur um það að þið gerið sýningu saman?“ Hún



var byrjuð að þæla aðeins í því að skoða þetta efni, samskipti heimilisfólks á samfélagsmiðlum, en svo tókum við við keflinu og úr varð þessi sýning,” segir Una.

**Hvernig virkar svona heimsókn á sýningu?** „Núna er ein af sýningunum á Hönnunarsafninu föst sýning, og mun hún standa í fjögur ár. Þetta er sýningin Hönnunarsafnið sem heimili og er yfirlits-sýning yfir muni úr safneign Hönnunarsafnsins sem hafa með heimilið að gera. Til þess að virkja sýninguna og hafa hana meira lifandi í þau fjögur ár sem hún mun standa verða reglulega settar inn í hana

svokallaðar „heimsóknir“ þar sem hönnuðir og listamenn setja upp tímabundnar sýningarheimsóknir inn á sýninguna Hönnunarsafnið sem heimili. Sýningin okkar Skilaboð er einmitt sú fyrsta af þessum „heimsóknum“, í desember mun Lilý Erla Adamsdóttir lífga upp á heimilið með veggeikningum í sinni „heimsókn“ og svo koma fleiri eftir áramót,” segir Una.

**Hvað voruð þið helst að skoða fyrir þessa sýningu?** „Kjarninn að rannsókninni fyrir þetta verkefni var að skoða samskipti heimilismanna á samskiptamiðlum. Við byrjuðum á því að skoða þá spjall-

þræði sem við erum sjálfar í með okkar fjölskyldumeðlimum, og við skemmtum okkur alveg konunglega yfir því. Við köstuðum svo út aðeins stærra neti og fengum innsent efni frá fólki í kringum okkur. Við erum búnar að vera eins og kjánar í kasti yfir þessum orðsendingum, þetta er búið að vera mjög fyndið allt saman. Það kom ákveðinn tímarpunktur þar sem við urðum hræddar um að við værum þær einu sem fyndist þetta í alvöru fyndið en við erum búnar að prufukeyra þetta dæmi og þessi skilaboð vekja mikla gleði. Það er líka svo skemmtilegt hvernig maður tengir við skilaboð frá öðrum og fólk hefur mikið farið að deila eigin skilboðum og sögum með okkur. Maður sér það líka þá hvað það eru eiginlega allir að tala um það sama í fjölskylduspjöllunum sínum. Þetta er eitt skemmtilegasta verkefni sem við höfum unnið, það er svo gaman að sjá fólk kæstast við að skoða það sem við höfum tekið saman og bara hlæja með okkur. Þessi sýning er fyndin, eða við vonum allavega að fólki muni finnast hún fyndin og að sem flestir geti tengt við hana. Fólk sem á skilboðin er á öllum aldri, allt frá krökkum með takkasíma yfir í heldri borgara. Okkur hefur fundist gaman að skoða líka hvernig mismunandi aldurs hópar tjá sig í skilaboðum og höfum tekið eftir alls konar mynstrum. Ungt fólk tjáir sig með styttingum, án þess að nota sérstafi og notar orðaforða sem tilheyrir eiginlega internet-slangri, á meðan eldra fólk tjáir sig í formlegri texta

sem er málfraðilega réttur og vand- aður,” segir Katla.

**Hvernig lítur sýningin út?** „Skilaboðin verða sýnd á prenti, og lögð inn í föstu sýninguna á viðeigandi staði, þannig að skilaboðin sem hafa með kvöldmat að gera eru til dæmis í borðstofunni og skilaboðin sem tengjast fötum eru í fataherberginu og svoleiðis. Útlitið á prentefninu er svo innblásið af útliti á algengum samskiptamiðlum og þælingum um það hvernig maður túlkar eitthvað sem á heima í digital-heiminum á prenti. Við ákváðum að fara alla leið í hina áttina með það og prenta sýninguna með prentaðferð sem er mjög ólík því sem fólk almennt tengir við síma og samskiptamiðla, það er prentaðferðin risoprent, en hún er frekar gróf og verður lúkkki oft dálítið gamaldags. Okkur fannst það passa skemmtilega við letrið sem við völdum sem er frekar nýstárlegt og bláa litinn sem er mjög bjartur og hefur sterka tengingu við bláa liti sem maður sér mikið í tengslum við samfélagsmiðla. Svo er líka gaman að segja frá því að við höfum tekið hugmyndina aðeins lengra og erum búnar að gera gólfmottu, sem verður til sýnis á sýningunni og einnig til sölu í safnbúð Hönnunarsafnsins. Mottan er unnin upp úr útliti sýningarinnar og á henni er ein af setningunum úr skilaboðunum sem við höfum safnað saman. Mottan er orðagrín og frekar grilluð hugmynd sem við gátum ekki sleppt takinu af svo við gerðum hana bara en það verður bara hægt að skoða hana á safninu,” segir Katla og bætir við: „Við ætlum að opna sýninguna 24. nóvember með stuði og stemmningu á Hönnunarsafninu. Það verða drykkir á boðstólnum og plötu-snúður. Húsið opnar kl. 17:00 og allir velkomnir að koma og skemmta sér með okkur.”

## Jólabókasþjall

Bókasafn Garðabæjar býður til jólabókasþjalls þar sem höfundar lesa og spjalla um bækur sínar. Brynhildur Björnsdóttir stjórnar umræðum.

Þórdís Gísladóttir



Brynhildur Björnsdóttir



Tómas R. Einarsson



Skúli Sigurðsson



Garðatorg 7  
Fimmtudagur  
23. nóvember  
Kl. 20.00  
Húsið opnar 19.30

Vilborg Davíðsdóttir



Kjötkompaní

# NAUTALUND WELLINGTON

*Munið að þanta tímanlega*



DALSHRAUNI 13  
220 Hafnarfirði

BÍLDSHÖFÐA 18  
110 Reykjavík

GRANDAGARÐI 29  
101 Reykjavík

[kjotkompani.is](http://kjotkompani.is)



578 9700



[kjotkompani@kjotkompani.is](mailto:kjotkompani@kjotkompani.is)



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

# Þekktu rauðu ljósin

## Soroptimistar standa fyrir 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi

Soroptimistar um allan heim standa fyrir 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi frá 25. nóvember til 10. desember. Soroptimistar hafa verið með slíkt átak gegn ofbeldi gagnvart konum og stúlkum í rúma þrjá áratugi.

Soroptimistar vilja rjúfa þögnina varðandi ofbeldi gegn konum með því að roðagylla heiminn undir slagorðinu Þekktu rauðu ljósin og er appelsínugulur litur tákn þess. Á heimsvísu nefnist átakið „Read the Signs“. Á þessu sinni er einnig lögð áhersla á hversu mikilvægt það er að hlúa að andlegri heilsu til að hafa viðspyrnu mátt gegn kynbundnu ofbeldi. Soroptimistar hafna öllu ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt, kynferðislegt, fjárhagslegt eða stafrænt.

Soroptimistar eru alþjóðleg samtök kvenna sem hafa það að markmiði að stuðla að jákvæðri heimsmynd, þar sem samtakamáttur kvenna nær fram því besta sem völ er á. Samtökin vinna að bættri stöðu kvenna, að mannréttindum öllum til handa sem og jafnrétti, framförum og friði með alþjóðlegri vináttu og skilningi að leiðarljósi. Soroptimistar stuðla að menntun kvenna og stúlkna til forystu.

Soroptimistar um allan heim munu slást í för með um 6000 samtökum í 187 löndum sem leidd eru af Sameinuðu þjóðunum til að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi gegn stúlkum og konum með þátttöku í 16 daga átakinu #roðagyllumheiminn, #oranjeworld.

Roðagyllti liturinn táknar bjartari framtíð án ofbeldis gegn konum og stúlkum. Sor-



optimistar vonast til þess að opinberar byggingar verði lýstar upp með roðagylltum ljósum þá daga sem átakið stendur yfir.

Í Soroptimistaklúbbi Hafnarfjarðar og Garðabæjar eru 45 konur. Klúbburinn hefur verið starfræktur frá árinu 1973 og fagnaði því 50 ára afmæli á þessu ári.

### Hægt að setja í box

#### Eitrað samband

Til að forðast ofbeldi í nánu sambandi er gott að þekkja eftirfarandi viðvörðunarbjóllur varðandi eittrað samband.

#### Ákefð

Ýktir tilburðir/tjáning, sækir það fast að sambandið verði strax alvarlegt, lætur textaskilaboðum og tölvupóstum rigna yfir þig.

#### Afbrýðisemi

Bannar þér að tala við hitt kynið, krefst þess að þú upplýsir hann um ýmis einkamál þín, fer yfir þín persónulegu mörk

#### Stjórnun

Athugar símann þinn eða tölvupóst án

leyfis, segir þér hvernig þú átt að klæða þig og haga þér, mætir til þín óboðinn

#### Einangrun

Hindrar að þú hittir vini þína eða fjölskyldu, yfirtekur allan frítíma þinn, talar illa um vini þína og vandamenn

#### Gagnrýni

Kemur með neikvæðar athugasemdir um útlit þitt, gerir lítið úr hæfileikum þínum, virðir ekki skoðanir þínar, dregur persónuleika þinn stöðugt í efa

#### Niðurrif

Felur stundum eigur þínar eða lýgur þralátlega að þér til að láta þig trúna því að þú sért brjáluð, sem veldur því að þú missir úr skóla eða vinnu

#### Ámæli

Gerir þig ábyrga fyrir vandamálum sínum og kennir þér um þau, neitar að axla ábyrgð

#### Reiði

Miklar skapsveiflur, bregst við smámálum með stjórnlausri bræði, þvingar þig kynferðislega, gerir þig óttaslegna.

Elin Albertsdóttir



## Gott fyrir líkama og sál að stunda hreyfingu og dansa

Það er alltaf líf og fjör í starfinu hjá FEBG. Auður Harpa sér um dansleikfimina á föstudagsmorgnum og heldur alltaf uppi gleði og stuði.

Línudansinn vekur líka mikla lukku og alla þriðjudaga eru tveir hópar í línudansi undir góðri leiðsögn hennar Önnu og þar er sko dansað af hjartans list.

Zúmba-takturinn hennar Mörtu Rutar er líka alveg magnaður. Þar er tekið á því og alveg á kláru að í norrænum æðum rennur sjóðheitt suðrænt og dillandi blóð. Enda ekki þurr flik á hópnum að tímanum loknum.

Stólajóga er svo bæði í Sjálandsskóla og í Kirkjulundi og stjórnar Kristín Björg hópnum bæði eru um að ræða teygjur og jafnvægisæfingar og svo er líka tekið til við danstakta enda er um að ræða sannkallað Gleði-jóga.

Leikfimitímarnir hjá henni Sögu njóta vaxandi vinsælda enda er um almenna leikfimi að ræða bæði fyrir karla og konur og fer kennslan fram í Ásgarði.

#### Fræðsla og skemmtun í starfi FEBG

Það var dansball í Jónshúsi á vegum FEBG laugardaginn 28. okt. Dansbandið lék fyrir dansi og mikið stuð var á ballinu. Það er svo mikil gleði í danstaktinum og ómæld ánægja er með dansiböllin hjá FEBG.


Núna er að koma desember og vekjum við athygli á að skrá þarf í námskeiðin fyrir hvern mánuð í sportabler.com/shop/gardabaer/febfg

#### Ný námskeið að hefjast

Alla föstudaga frá haustdögum og fram í maílok stendur FEBG fyrir félagsvistinni í Jónshúsi, félags- og íþróttastarf eldri borgara í Garðabæ. Nema þegar jóla- og páskabingíóid er. Félagsvistin er mjög vinsæl á föstudögum og eru það félagar í FEBG sem stjórna spilamennskunni.

#### Skemmtikvöld Úrvals Útsýnar

Framundan er svo skemmtikvöld á vegum Úrvals-Útsýnar, jólahlaðborð á vegum félagsins verður 9. desember og svo er kominn tími til þess að skipuleggja tólmstundir og hreyfingu á nýju ári.



## Hvatapeningar fyrir 5-18 ára

# 55.000

á barn

Nánari upplýsingar á [gardabaer.is](http://gardabaer.is)

# Ú

ÚRVAL ÚTSÝN



6. - 14. JANÚAR 2024 9 DAGAR



BYRJAÐU NÝTT ÁR Í **KARÍBAFINU**

# PUNTA CANA

Teygðu úr þér á hlýrri sandströnd við túrkísblátt hafið undir pálmatrjám umvafin seið og galdri Karíbahafsins. Beint flug með frábærum flugtímum í sæld og ævintýri á Punta Cana í annari viku janúar með einungis 5 frídaga frá vinnu. Það er svo sannarlega allt innifalið á öllum þeim hótélum sem við bjóðum uppá og val um hótél er fjölbreytt, þú finnur góð fjölskylduhótél á afbragðs verði, rómantískan lúxus og allt þar á milli. Ef einversstaðar er hægt að treyst á gott veður er það á Punta Cana þar sem hitastigið leikur um 26° allt árið um kring. Leyfðu þér að njóta bestu sólarstranda í heimi við tært Karíbahafið með exótískan drykk, ferska ávexti og grillaðan sverðfisk.

Er eitthvað betra?

Fararstjóri:

**Helga Thorberg**

Helga hefur búið í Dómíníska lýðveldinu og þekkir því vel til á eyjinni.



VERÐ FRÁ **280.900 KR.**

\*M.v. 2 fullorðna og 1 barn, gisting með flugi, sköttum, íslenski fararstjórn og öllu inniföldu.



FJÖLDI SKOÐANA FERÐA!

BEINT FLUG

08:30  
Keflavík



13:00  
Punta Cana

12:00  
Punta Cana



20:05  
Keflavík

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS



# Jólasúkkulaði

Sjálfstæðisfélag Garðabæjar býður upp á sitt árlega jólasúkkulaði í félagsheimili flokksins að Garðatorgi 7, 2.hæð fyrir ofan bókasafnið.

Laugardaginn 2. desember frá kl. 13-16 á sama tíma og aðventuhátíð fer fram á Garðatorgi.

Öll velkomin - hlökkum til að sjá ykkur!

Sjálfstæðisfélag Garðabæjar



D

## Frábær dagskrá eftir áramót!

Á þriðjudagsfundum ræðum við málefni Garðabæjar, en á laugardagsfundum um landsmálin.



13.janúar 2024

Laugardagsfundur með Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.



30. janúar kl. 18:00:

Þriðjudagsfundur með fulltrúum úr hópi bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ.



3. febrúar 2024

Fjölskyldubingó með Einari Bárðar og bæjarfulltrúum!



Sjálfstæðisfélag Garðabæjar